

Norðurþingi, 4. apríl 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurnýjun vegarins yfir Kjöl með einkaframkvæmd, 473. mál.

Almennt um tillöguna

Sérstaða hálandis Íslands er óumdeild og hana þarf að standa vörð um. Í tillögunni sem hér er til umfjöllunar er stungið upp á framkvæmd sem mun augljóslega hafa mikil og neikvæð áhrif á þessa sérstöðu. Hafðar eru uppi ýmsar fullyrðingar um ferðaþjónustu sem eru á skjön við niðurstöður fjölda rannsókna, m.a. rannsókna sem hafa verið framkvæmdar á meðal ferðamanna á Kili. Getgátur eru um áhrif nýrrar ferðaleiðar á byggðapróun og einblint á jákvæð áhrif án tillits til neikvæðra. Órökstuddar fullyrðingar eru um öryggismál þar sem ýmislegt bendir í þveröfuga átt og hæpnar fullyrðingar eru viðhafðar um náttúruvernd. Um allt þetta eru gerðar rökstuddar athugasemdir, sem og þá staðreynd að hér sé lögð til einkaframkvæmd byggð á gjaldtöku, án þess að fyrir liggi hvort aðrir kostir verði í boði fyrir þá sem vilja fara akandi um Kjöl.

Ferðaþjónusta

Í þingsályktunartillögunni er í stuttu máli rakinn vöxtur ferðaþjónustu á Íslandi á undanförunum 10 árum. Sagt er frá því að vetrarferðaþjónusta hafi vaxið og árstíðarsveiflur minnkað, en að þar þurfi þó að gera betur. Þannig er ýjað að því að endurbættur Kjalvegur hafi einhver áhrif í þá áttina án frekara rökstuðnings. Flestum sem til þekkja ætti þó að vera ljóst að uppbyggður vegur um miðhálandið er ekki líklegur til að efla ferðaþjónustu að vetri til.

Fullyrt er að fyrirhuguð vegframkvæmd muni “veita fleirum tækifæri til að upplifa hálandið og náttúru þess og víðerni sem eru einstök á evrópskan mælikvarða og ljóst er að hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem koma til landsins.” Það er alveg rétt að hálandið, ekki síst Kjölur með stóra jökla á báða bóga og einstakar eldstöðvar, er mjög sérstök blanda náttúru og víðerna, en fjölmargar rannsóknir staðfesta að einfaldleiki innviða og fámenni á stóran þátt í þeirri upplifun. Sömu rannsóknir staðfesta að uppbyggður vegur myndi spilla þeirri upplifun og þar af leiðandi draga úr aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Því fellur þessi tilvitnaða fullyrðing um sjálfa sig. Eins ber að hafa í huga að ólík svæði laða að sér ólíka ferðamenn og þannig mun öll uppbygging, þ.á.m. uppbyggður vegur, hrekja í burtu hluta af þeim ferðamönnum sem nýta sér Kjöl nú þegar til útivistar og afþreyingar.

Byggðastefna

Í tillögunni er gefið í skyn að uppbyggður Kjalvegur muni efla atvinnulíf á Norðvesturlandi, þ.á.m. ferðaþjónustu. Eflaust er það rétt að einhverju leyti og líklega munu margir ferðamenn velja að fara hringinn um Norðvesturland og Kjöl. Hins vegar hafa engar athuganir farið fram á því hversu margir á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar, þ.á.m. þeir sem eru að aka hringinn, muni þess í stað fara um Kjöl og sniðganga Norðvesturland. Því er ekki loku fyrir það skotið að uppbyggður Kjalvegur muni að einhverju leyti skaða ferðaþjónustu þar. Sé hins vegar raunverulegur vilji til að styrkja ferðaþjónustu á Norðvesturlandi þá þarf að huga að

samgöngubótum innan svæðisins, t.d. um Hegranes, Skaga og umhverfis Svínavatn, bæta aðgengi að ferðamannastöðum og fjölga afþreyingartækifærum ferðamanna með markvissum hætti.

Aukið öryggi og umhverfismál

Fullrytt er að “[n]ýr og bættur vegur yfir Kjöl mundi bæta umferðaröryggi á hálendinu og minnka líkur á slysum.” Enginn rökstuðningur fylgir þessari fullyrðingu enda er það svo að slys eru mjög fátíð á núverandi Kjalvegi. Reyndar er undirrituðum einungis kunnugt um tvö alvarleg slys þar á síðustu 10 árum; það fyrra bilvelta á uppbyggðum hluta hans norður við Blöndulón og hitt í fyrراسumar á vegakafli sem var endurbyggður fyrir örfáum árum síðan. Slysinn kunna að vera fleiri, en þau hafa þá ekki farið hátt í fjölmiðlum. Hins vegar gefur auga leið að uppbyggður vegur mun auka hraða sem aftur veldur alvarlegri slysum við útafakstur sem og framanáakstur þar sem akstursstefnur eru ekki aðskilyddar. Jafnframt liggur fyrir að mjög langt er í allar bjargir og að mjög alvarlega staða kæmi upp ef hópslys yrði. Í því ljósi er brýnt að flutningsmenn tillögunnar færi fram greinargóð rök fyrir fullyrðingu um aukið umferðaröryggi og minni líkur á slysum áður en alþingismenn samþykkja hana.

Fullrytt er að “[e]ndurbætur á Kjalvegi mundu einnig styrkja náttúruvernd á hálendinu.” Rökstuðningur fyrir því er sá að “[u]tanvegaakstur á hálendinu [sé] viðvarandi vandamál sem ógnar náttúrunni víða og nauðsynlegt er að sporna við.” Vissulega er rétt að utanvegaakstur er vandamál en þeir sem hafa ekið um Skeiðarársand og aðra sanda á Suðurlandi vita að orsökkin er ekki alltaf lélegur vegur heldur miklu frekar einbeittur vilji til að spóla um í lausum jarðvegi. Þar sem utanvegaakstur á sér stað vegna lélegra vega þá er hann venjulega samhliða vegstæðinu og því sjaldnast um mikil spjöll á ósnortinni náttúru að ræða. Þessi fullyrðing að betri vegur minnki utanvegaakstur er því afar veik. Hins vegar er mjög líklegt að uppbyggður vegur um Kjöl muni auka álag á helstu náttúruperlur svæðisins, s.s. Hveravelli og Hveradali í Kerlingarfjöllum. Báðar þessar náttúruperlur eru jarðhitasvæði, afar viðkvæm fyrir umferð ferðamanna, og því er mjög óábyrgt að bæta aðgengi að þeim án þess að það sé tryggt að þær geti tekið við auknum fjölda ferðamanna. Næg eru vitan til varnaðar: Fjaðrárgljúfur, Skógafoss, Reykjadalur, Leirhnjúkur og Brúarfoss eru bara örfá nýleg dæmi sem ættu að vera flestum í fersku minni.

Einkaframkvæmd

Lagt er til að uppbyggður Kjalvegur verði einkaframkvæmd og að hún verði borguð upp með notendagjöldum. Er fyrirkomulag við Hvalfjarðargöng nefnt sem fyrirmynd. Ekkert er hins vegar minnst á það hvort ferðamönnum standi annar kostur til boða, líkt og að aka um Hvalfjörð kjósi þeir að fara ekki um Hvalfjarðargöng. Þeirri spurningu þarf að svara hvort núverandi Kjalvegur verði áfram opin og viðhaldið af Vegagerðinni, eða hvort að allir sem aka upp á Kjöl (og greiða fyrir það eldsneytisgjöld til ríkisins) verði tilneyddir til að greiða fyrir það gjald til einkaaðila. Og ef svo er þá þarf einnig að svara því hvort þeir sem ætla sér að heimsækja t.d. Hvítárnes og/eða Þverbrekknamála eigi að greiða gjöld fyrir að fara um þennan nýja veg ef enginn annar vegur er í boði.

Lokaorð

Í þingsályktunartillögunni sem hér er til umfjöllunar eru ýmsar fullyrðingar sem orka tvímælis, sumar byggðar á engum rökum, aðrar á veikum rökum, og enn aðrar á röngum rökum. Alþingi Íslendinga má ekki veita þannig tillögu brautargengi. Um framtíðarskipulag á Kili þarf að fjalla í stærra samhengi en þessi tillaga nær utan um og taka þar tillit til sjónarmiða um sjálfbærni, víðerna, náttúruverndar, öryggismála og síðast en ekki síst

núverandi notenda svæðisins, hvort sem þeir eru sauðfjárændur, hestamenn, útivistarfólk eða annarskonar notendur. Rétt væri að Alþingi hefði forgöngu um slíkt heildarskipulag, t.a.m. með stofnun þjóðgarðs á Kili þar sem verndun þess sem vernda ber er tryggð, og um leið reynt er að koma til móts við hina ýmsu ólíku hagsmunaaðila á skynsaman átt.

Virðingarfyllst,



Guðmundur Ögmundsson
kt. 2612705609